

Ed. **321. Breytingartillögur** [194. mál]

við frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 1. másl. orðist svo:

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförunum árum eða í viðskiptum Hafskips hf. við aðra aðila.

2. Við 3. gr. 1. másl. fyrri mgr. orðist svo:

Nefndin setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er henni heimilt í samráði við skiptaráðanda að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum, m.a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands.

3. Á eftir 4. gr. komi ný gr. er hljóði svo:

Rannsóknarnefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu til viðskiptaráðherra sem gerir Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.